

Handverksnámskeið á vegum Brautarholtssafnaðar

Þæfingarnámskeiðið verður í Klébergsskóla laugardaginn 25. febrúar kl. 11:00 – 15:00. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu utan efniskostnaðar.

Öllum Kjalnesingum er námskeiðið opið í boði Brautarholtssafnaðar. Þar sem aðeins 10 manns komast á hvert námskeið gildir eftirfarandi – fyrstir koma, fyrstir fá.

Leiðbeinandi: Guðrún Þorláksdóttir hjúkrunarfræðingur og handverksverkskona.

Guðrún mun útskýra muninn á íslensku ullinni og Merino ullinni, hvað gerist við þæfingu og hvernig má þæfa ull og önnur efni saman.

Hún mun fara í grunnatriði í holum hlutum (sömu tækni og notuð er í skó, töskur, stjaka, ljós og seríur) og eins getur hún kennt að gera slæður og þ.h. eftir óskum.

Efnisgjald - ull og silki og glerstjaka/vasa selur Guðrún á kostnaðarverði. Þátttakendum er velkomið að koma með sína eigin ull ef þeir eiga hana og eins silki í slæður, sama gildir um glervasa eða kertastjaka sem þeir vilja þæfa utan um.

Allir þátttakendur ættu að ná að klára einn hlut.

Boðið verður upp á grænmetissúpu og heimabakaðar skonsur með áleggi á námskeiðinu.

Munið! Þátttakendur þurfa að skrá sig á námskeiðið. Guðrún tekur ekki fleiri en 10 í einu á námskeið þar sem þátttakendur þurfa að læra handdtökin verklega. Verði þátttakendur fleiri en 10 verður haldið annað námskeið seinna.

Væntanlegir þátttakendur skrái sig hjá:

Svölu Sigríði Thomsen: svalasth@simnet.is

Írisi Fjólu Bjarnadóttur: Irisfjola@simnet.is

Guðrúnu Þorláksdóttur / Ullarljós.is: /gudrunthorlaks@gmail.com